

**Sp. 350. Tillaga til þingsályktunar [194. mál]**

um sameiginleg hagsmunamál Grænlandinga og Íslendinga.

Flm.: Eyjólfur Konráð Jónsson, Stefán Guðmundsson, Ragnar Arnalds, Kjartan Jóhannsson, Guðmundur Einarsson, Sigríður Dína Kristmundsdóttir, Þorsteinn Pálsson, Tómas Árnason, Skúli Alexandersson, Eidur Guðnason, Stefán Benediktsson, Guðrún Agnarsdóttir.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að kanna til fullnustu möguleika á samkomulagi við Grænlandinga um sameiginleg hagsmunamál, sérstaklega að því er snertir verndun fiskistofna og fiskveiðar, og leita jafnframt nánari samvinnu þeirra ríkja, sem liggja að fiskimiðunum norðarlega í Atlantshafi, um verndun og nýtingu fiskistofna og önnur sameiginleg hagsmunamál.

**Greinargerð.**

Ljóst er að ríki þau, sem liggja að fiskimiðum norðarlega í Atlantshafi, hafa mikilla sameiginlegra hagsmuna að gæta varðandi verndun fiskistofna og fiskveiðar. Við úrsögn Grænlandinga úr Efnahagsbandalagi Evrópu skapast ný viðhorf sem edlilegt er að nágrannabjórðirnar ræði um við þá. Tillaga þessi miðar að því að Íslendingar undirstriki vilja sinn til aukinna samskipta við Grænlandinga og aukins samstarfs við aðrar nágrannabjórðir, sérstaklega á sviði fiskverndar.